

Fundur foreldrafélags Varmárskóla og skólustjórnenda 21. ágúst 2017 kl. 08:15-09:05

Mættir: Árný Elva Ásgrímsdóttir, Björk Einisdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir, Solveig Ólöf Magnúsdóttir, Þórunna Rósa Ólafsdóttir, Þórhildur Elfarsdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir. Elísabet Jónsdóttir, Elín María Jónsdóttir, Jón Þór Ragnarsson og Óðinn Pétur Vigfússon voru vant við látin og komust ekki á fundinn.

Viðfangsefni fundar:

1) Farið yfir verkefni í vinnslu:

Plan (undirbúningur verkefnis, upplýsingagjöf)	Do (Innleiðing eða framkvæmd verkefnis)	Check / Act (Staða tekin og smærri atriði aðlöguð)	Verklok (upplýsingagjöf, frágangur, mögulega fagnað árangri)
	Bjóða 1. bekinga velkomna í skólann (Árný og Solveig) Verklok: 30/8		
	Búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa (Þórunn, Sigríður Ingólfs, Björk Einis) Verklok: ótímasett		
	Rýna mögulega þróun á FGMos (Beta og Þórunn) Verklok: ótímasett		
			Sendu haustkveðju til starfsmanna (Beta og Sigríður) Verklok: 10. sept
	Virkja bekkjarfulltrúa: 10. ágúst – 1. okt		

Bjóða 1. Bekkinga velkomna í skólann:

Buffin eru tilbúin og kennarar afhenda þau þegar krakkarnir koma í viðtal á skólasetningardegi. Merkipennar fylgja einnig með svo hægt sé að merkja buffin í viðtölunum. Mikil tilhlökkun að sjá hvernig þau eigi eftir að nýtast.

Búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa:

Skólanum hrósað fyrir að setja frétt á heimasíðuna og að áætlað sé að kynna niðurstöður á fundi með foreldrum 9. bekkjar í haust.

Rýna mögulega þróun á FGMos:

Upplýst um góðan aðalfund FGMos þar sem ákveðið var að halda aukaaðalfund í haust þegar foreldrafélög Krikaskóla og Lágafellsskóla verða búin að halda sína aðalfundi og skipa aðila í stjórn FGMos. Sagt frá vinnunni sem er í gangi hjá formönnum foreldrafélaganna við að halda áfram endurskoðun laga félagsins frá fyrri stjórn FGMos og fundarmenn sammála um að gaman verði að fylgjast með þessari þróun á félaginu.

Sendu haustkveðju til starfsmanna:

Skólanum afhentar huggulegar kertalugtir til að hafa inni á kennarastofunum, skólastjórnendur þökkuðu vel fyrir og fannst vænt um að fá sendinguna.

3) Virkja bekkjarfulltrúa

Ákveðið að Þórunn sendir tölvupóst til allra foreldra í kvöld eða á morgun og upplýsir um að valdir verða bekkjarfulltrúar í hverjum bekk á skólasetningum 1. – 7. bekkja og á kynningarfundum hjá 8. – 10. bekkjum, eftir að skólastjórnendur hafa kynnt hlutverk þeirra í ræðum sínum. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda a.m.k. einn viðburð fyrir áramót og annan eftir áramót, vera tengiliðir sem foreldrar í bekknum og kennarar geta leitað til auk þess að búa til og sjá um facebook síðu fyrir foreldra bekkjarins. Í september verður bekkjarfulltrúum boðið á skemmtifund þar sem bekkjarfulltrúar hvers bekkjar skipuleggja starf vetrarins og skiptast á hugmyndum hvað hefur gengið vel og hvað mætti ganga betur. Í janúar verður svo haldinn sambærilegur fundur þar sem tekinn verður lærdómur af því hvernig gekk og skoðað verður hvað er framundan. Líklega þarf að skipta hópunum niður og verður skiptingin ákveðin í framhaldinu. Sigríður klárar að búa til leiðbeiningar fyrir bekkjarfulltrúa til að aðstoða þá og þær verða settar á heimasíðu skólans.

4) Björk upplýsti um bréf með útskýringum um námsmat sem á að senda foreldrum og klárar námsmatshópurinn þá vinnu og sendir til foreldra. Skólanum hrósað fyrir að grípa þessa umbótahugmynd frá foreldrum að útskýra betur hvað námsmatið þýðir.

5) Önnur mál

- Skólastjórnendur upplýstu um hvernig verið sé að skipuleggja skólstarfið miðað við fjölgun nemenda í skólanum. Stjórnin hrósaði skólastjórnendum fyrir góða vinnu og tilhlökkun er í hópnum að fara inn í nýtt skólaár.

- Vangaveltur um önnur mál frá síðasta fundi stjórnar foreldrafélagsins flutt yfir á næsta fund (s.s. hvernig aðlögunin verður í Selinu fyrir 1. bekk, um hversu mikil fjölgun verður í skólanum og hvernig skólanum gengur að takast á við hana, hvort þörf sé á fulltrúum úr stjórn foreldrafélagsins á kynningu á niðurstöðum samræmdra prófa 9. bekkjar á síðasta skólaári, af hverju Varmárskóli fer ekki á Reyki og Laugar) og skólastjórnendum hrósað fyrir að gefa sér tíma á háannatíma í undirbúningi skólstarfsins að hitta stjórnina og hefja veturinn á skemmtilegum og góðum fundi.

Sett á dagskrá næsta fundar foreldrafélagsins sem verður án skólastjórnenda:

- Umræður um hvernig við viljum að fundargerðirnar okkar séu

Fundi slitið kl. 09:04

Nálgun stjórnar foreldrafélagsins á samvinnu við skólann:

- Foreldrafélagið er stuðningur við skólann
 - o Styður við verkefni sem eru í gangi innan skólans
 - o Kemur með hugmyndir fyrir skólann
 - o Foreldrafélagið og skólinn virða ef annar hvor getur ekki tekið eitthvað verkefni að sér eða tekið þátt í einhverju verkefni
- Foreldrafélagið styrkir skólann í þeim verkefnum sem skólinn hefur áhuga á
 - o Kynningar/fyrirlestrar fyrir krakkana/eitthvað sem kæmi sér vel og er „auka“ fyrir skólstarfið
- Foreldrafélagið og skólinn þetta samstarfið milli skólans og stjórnar foreldrafélags og út í foreldrahópinn

- Foreldrafélagið og skólinn leggja upp með jákvæðni, gott samstarf og nána og skemmtilega samvinnu

Yfirlit yfir reglubundin verkefni foreldrafélagsins:

- Þjóða 1. bekkja velkomna í skólann með glaðningi og tölvupósti til foreldra 10. ágúst – 30. ágúst
- Virkja bekkjarfulltrúa og halda fyrri fund bekkjarfulltrúa í sept: 10. ágúst – 1. okt
- Senda haustkveðju til starfsmanna 10. ágúst – 10. sept
- Jólabingó 15. okt- 10. des
- Senda jólakveðju til starfsmanna 1. des – 20. Des
- Halda seinni bekkjarfulltrúafund vetrarins 1. Jan – 20. jan
- Öskudagur – 1. feb til 10. mars
- Senda greiðsluseðla til foreldra 1. feb -1. apríl
- Gefa skólanum sumargjöf fyrir nemendur 1. apríl – 1. maí
- Styrkja 10. bekk í útskriftarferðinni um eina máltíð í ferðinni 15. apríl – 30 maí
- Styrkja kynningu fyrir nemendur 6. bekkjar 15. apríl – 30. maí
- Aðalfundur: 15. apríl – 15. júní
- Halda stutta ræðu á útskrift 10. bekkja, skipuleggja vaktir foreldra 9. bekkja og koma upplýsingum til foreldra 10. bekkjar um glaðning frá bekkjunum til umsjónarkennara og starfsmanna 1. maí – 10. júní
- Senda sumarkveðju til starfsmanna 15. maí – 10. júní